

Einn steinn myndar ekki fjallið.



Þeir menn og konur, er hjá sér finna starfslöngun til háleitra og nauðsynlegra verka, eru þeir, er fengið hafa köllun, köllun til viðtækara lífs en viðhaldi sinnar eigin tilveru.

Óteljandi margir af þeim, er finna til köllunar hjá sér, vinna sín verk í kyrþey og verða aldrei kunnir. Nöfn þeirra tynast og gleymast. En árangurinn af starfi þeirra tynist ekki, en lifir og rís upp í breyttum aldarhætti, göfugri hugsunarhætti, farsælla mannfélagi. Þeir erviða ekki til einskis. Án þeirra gifturíku verka og trúmennsku, yrði stórvirkin aldrei framin.

Þeir, sem unnið hafa stórvirkin, leyst úr stór vandamálum heimsins, lifa í sögu og á tungu manna, um aldur og æfi. En hin stórdásamlegu verk þeirra hvíla þó á hinu, að það hafa þúsundir þúsunda leyst af hendi köllunarverk sitt í hinum smærri efnun, með trúmennsku og heiðri.

Hinir ágætustu mannanna sona, er rísa eins og klettur upp úr hafinu, er menn sjá hátt gnæfandi yfir alt og alla, ofan allar aldaðir, er engin breyting eða framlíðandi stund megnar að óskýra fyrir augsýn kynslóðanna, er koma og fara um þúsundir ára, eru öldufaldurinn, efsta gnípa fjallsins. Steinarnir mörgu, er mynda fjallið, eru mennirnir, er lokið hafa dagsverki sínu eins og drengir góðir.

Það er því satt, að enginn maður getur risið upp til hinnar allra hæstu hæðar mannlegs ágætis, meðal nokkurrar þjóðar, nema meginþorri þjóðarinnar sé hugsjón sinni og köllun trúr.

Einn steinn myndar ekki fjallið!

Það er dómurinn, er sagan kveður upp yfir þjóðunum á þeim tímabilum, er ekki vottar fyrir að nokkurt stórmenni hafi lifað, að þjóðin, sem heild, hafi verið ótrú sinni æðstu köllun, réttlæti og drengskap.